

Náttúrugreinar 10. bekkur

Kennarar: Gauti Eiríksson

Skólaárið

Skólaárið 2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Námsskipulag og verkefni koma fram á heimasíðum sem verða gerðar aðgengilegar í mentor. Ein heimasíða er fyrir hverja námslotu. Sum verkefni vinna nemendur í google.classroom umhverfinu og geta skilað oft og fengið endurgjöf á milli. Einnig hópverkefni og samþættingarverkefni.

Spegluð kennsla þar sem nemendur horfa á kennslumyndbönd á netinu heima hjá sér til undirbúnings og koma svo í skólann til að vinna verkefni. Bein kennsla og umræður í bland.

Bein kennsla þar sem kennari fer yfir efnið. Verkleg kennsla þar sem nemendur gera tilraunir og skrifa skýrslu. Kennsluforrit frá Sunflower Learning. Fræðslumyndir verða sýndar eftir þörfum.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Lota 1. Frá skólabyrjun, í um 6 vikur. Vistfræði, efnaferlar og hringrásir. Unnið verður með verður með ljóstillífum og bruna og mikilvægi fyrir lífríkið. Vistfræði og samspil lífvera í vistkerfum jarðar og helstu gróðursvæði Íslands.

Lota 2. Frá miðjum október, í um 6 vikur. Áhrif mannsins á umhverfið. Unnið verður með áhrif mannsins á lífríki jarðar.

Lota 3. Frá miðjum nóvember, í um 8 vikur. Erfðir og þróun. Unnið verður með erfðir og hvernig einkenni erfast á milli kynslóða. Þróun lífvera og þróun mannsins.

Lota 4. Frá febrúar, um 10 vikur. Eðlisfræði. Unnið verður með krafta í mismunandi hreyfingum og frjást fall. Þrýstingur í mismunandi efnum, og eðlisfræðileg vinna.

Námsaðlögun

Flestir nemendur vinna að sömu verkefnum en verkefnin eru opin fara nemendur mis ítarlega í efnið eftir leiðbeiningum kennara. Nemendur skila verkefnum oft og fá endurgjöf á milli. Í þeirri hendurgjöf leiðbeinir kennari nemendum og bætir við og minnkar eftir vinnu nemenda. Einhverjir nemendur geta verið á einstaklinsnámskrá.

Námsmat

Fjölbreytt námsmat þar sem vinna nemenda er metin yfir veturinn. Rafræn verkefni, skilaverkefni og önnur verkefni og próf.

Námsgögn

Maður og náttúra

Eðlisfræði II

Efni frá kennara

